



HÚNAÞING  
VESTRA

# HVENÆR ER RÉTTI TÍMINN TIL AÐ SAMEINAST?

Unnur Valborg Hilmarsdóttir  
sveitarstjóri

Sveitarfélög á krossgötum  
25. október 2023

# AÐDRAGANDI SAMEININGAR

HÚNAÞING VESTRA

- »»» Ekki fyrsta tilraun!
- »»» Fulltrúar í minnihluta störtuðu samtalinu óformlega
- »»» Þaðan fór samtalið inn í sveitarstjórn
- »»» Formleg sameiningarnefnd stofnuð
- »»» Fulltrúi minnihluta í sveitarstjórn formaður sameiningarnefndar
- »»» Ráðgjafi fenginn til að vinna með nefndinni
- »»» Þrjú fréttabréf í öll hús
- »»» Kynningarfundir í öllum hreppum og sameiginlegur fundur
- »»» Ferlið hófst 1995
- »»» Kosið um sameiningu í nóv. 1997
- »»» Sameining tók gildi í júní 1998



Sjálfspróttið



Leitt af minnihluta?




Vel kynnt



Langt ferli

# AÐDRAGANDI SAMEININGAR



Morgunblaðið 22. október 1997

## LANDIÐ

### Sameining sveitarfélaga í Vestur-Húnavatnssýslu

# Fjölmennur kynningarfundur

Hvammstanga - Vestur-Húnavetningar fjölmenntu á kynningarfund um sameiningu sveitarfélaganna í héraðinu en fundurinn var í Félagsheimilinu á Hvammstanga á mánudagskvöldið 17. nóvember. Á þriðja hundrað manns kom á fundinn og hlýddu á rök með og á móti sameiningu. Haldnir hafa verið kynningarfundir í öllum sveitarfélögum og var þessi fundur hinn síðasti sem slíkur.

Framsögumenn voru Jón Magnússon, forstöðumaður Byggðastofnunar á Sauðárkróki og Haraldur Líndal, sérlega ráðinn starfsmaður sameiningarnefndarinnar. Einnig sat undirbúningsnefndin fyrir svörum. Fram kom hjá Jóni að Vestur-Húnavatnssýsla væri skilgreind í úttekt Byggðastofnunar sem svæði í áhættu vegna fólksfækkunar. Svo er reyndar um fjölmörg svæði á landsbyggðinni.

Margir fundargesta tóku til máls og reifuðu hina ýmsu málaflokka. Af máli fundarmanna virðist mega ráða að verulegur vilji væri fyrir sameiningu. Þótt leitað væri eftir ókostum á sameiningunni kom ekkert sérstakt atriði fram. Ljóst er að erfið mál bíða úrlausnar í héraðinu hvort sem gengið er til sameiningar eða ekki. Má nefna atvinnumál og skólamál.

Nokkrir fundarmenn gáfu sér

þá niðurstöðu að sameining yrði samþykkt og vörpuðu fram heiti á hið nýja sveitarfélag, Húnabyggð og Húnaþing. Formaður undirbúningsnefndarinnar, Þorvaldur Böðvarsson, lýsti í fundarlok þeirri skoðun sinni að ef héraðið yrði sameinað í eitt sveitarfélag gæti það orðið að forystuafli í byggðum við Húnaflóa. Kosið verður á laugardaginn 29. nóvember og stendur utankjörfundarkosning yfir.

Morgunblaðið 2. desember 1997

Staðarhreppur

Fremri-Torfustaðahreppur

Ytri-Torfustaðahreppur

Kirkjuhvammshreppur

Hvammstangahreppur

Þverárhreppur

Þorkelshólshreppur

Bæjarhreppur með í byrjun en dró sig út úr viðræðum

- »» Fólksfækkun
- »» Samrekstur málaflokka í gegnum 9 manna Héraðsnefnd  
2 fulltrúar Hvammstangahrepps í héraðsnefnd en yfir 50% íbúa
- »» Framlög jöfnunarsjóðs ykjust verulega með sameiningu  
Úr 21 millj. í 37
- »» Fækkun nefndarmanna úr 250 í 50
- »» Aukinn slagkraftur til eflingar byggðar
- »» Nokkrir hreppanna að nálgast það að vera ekki rekstarhæfir



# MÓTRÖK

»»» Hækkaðar álögur til sveita

Hefði gerst hvort sem er vegna stöðu hreppanna

»»» Stjórnsýslan færir úr hreppunum til Hvammstanga

Hafði hún ekki þegar gert það með Héraðsnefnd?

»»» Óvissa um skólamál og akstur skólabarna

»»» Óvissa um þjónustustig í dreifbýli

»»» Hugsanleg töf á byggingu  
íþróttahúss á Hvammstanga



## Hreppar sameinaðir í V-Húnavatns-sýslu og A-Skaftafellssýslu

### Mikill meirihluti fyrir sameiningu

SAMEINING sveitarfélaga í tveimur sýslum landsins, Vestur-Húnavatns-sýslu og Austur-Skaftafellssýslu, var samþykkt í kosningum síðastliðinn laugardag með miklum meirihluta.

Í Vestur-Húnavatnsýslu var kosið um sameiningu Staðarhrepps, Fremri-Torfustaðahrepps, Ytri-Torfustaðahrepps, Hvammstaðahrepps, Kirkjuhvammshrepps, Hvammstangahrepps, Þverárhrepps og Þorkelshólshrepps.

Í Staðarhreppi voru 66 á kjörskrá og kusu 53, sem er 80,3% kjörsókn. 41 sagði já, níu nei og þrjú seðlar voru auðir.

Í Fremri-Torfustaðahreppi voru 44 á kjörskrá og kusu 33, sem er 75% kjörsókn. 18 sögðu já og 15 nei.

Í Ytri-Torfustaðahreppi voru 155 á kjörskrá og kusu 130, sem er 83,87% kjörsókn. 65 sögðu já, 63 sögðu nei og tveir skiluðu auðu.

Í Hvammstaðahreppi voru 452 á kjörskrá og kusu 313, sem er 69,25% kjörsókn. 255 sögðu já, 55 sögðu nei og auðir seðlar voru þrjú.

Í Kirkjuhvammshreppi voru 62 á kjörskrá og kusu 46, sem er 74,19% kjörsókn. 30 sögðu já, 14 sögðu nei og tveir seðlar voru auðir.

Í Þverárhreppi voru 55 á kjörskrá og kusu 41, sem er 74,55% kjörsókn. 31 sagði já, átta sögðu nei og tveir skiluðu auðu.

Í Þorkelshólshreppi voru 104 á kjörskrá og 87 kusu, sem er 83,65% kjörsókn. 48 sögðu já, nei sögðu 38 og einn seðill var auður.

Alls kusu því 488 atkvæði með sameiningu hreppanna, eða 70,7%, en 202 gegn henni, eða 29,3%. Í sveitahreppunum greiddi 61,3% atkvæði með sameiningu en 38,7% gegn henni.

#### Tillögur um Húnaþing eða Húnaþing

Þorvaldur Bóðvarsson, formaður sameiningarnefndarinnar í Vestur-Húnavatnsýslu, segir að næstu skref verði þau að vinna að því að samruninn eigi sér stað í vor. Talsverð vinna sé framundan.

„Það er þó mun skárra að eiga við þetta þar sem sameiningin var samþykkt í öllum sveitarfélögunum. Þau hafa verið í töluverðri samvinnu

á ýmsum sviðum og það þarf að koma henni í heildstætt form. Það þarf að búa til nýtt skipulag fyrir sveitarfélagið. Sameiningin tekur þó ekki gildi fyrr en eftir næstu sveitarstjórnarkosningum. Mér finnst trúlegt að gerð verði skoðanakönnun meðal íbúanna um nýtt nafn á sveitarfélagið og tillögurnar yrðu hugsanlega lagðar fyrir í næstu sveitarstjórnarkosningum. Á síðasta kynningarfundinum á Hvammstanga voru nefnd nöfnin Húnaþing og Húnaþing“ sagði Þorvaldur.

**Þæp 90% kusu með sameiningu**

Íbúar sveitarfélaganna í Austur-Skaftafellssýslu samþykktu sameiningu Hornafjarðarbæjar, Hofshrepps, Borgarfjarðarhrepps og Bæjarhrepps sl. laugardag.

Í Hofshreppi voru 83 á kjörskrá og kusu 57, sem er 68,7% kjörsókn. Já sögðu 52, nei sögðu fjórir og einn seðill var ógildur.

Í Borgarfjarðarhreppi voru 76 á kjörskrá og kusu 51, sem er 67,1% kjörsókn. 40 sögðu já, átta sögðu nei og þrjú seðlar voru ógildir.

1.452 voru á kjörskrá í Hornafjarðarbæ og kusu 543, sem er 37,4% kjörsókn. Já sögðu 492, nei sögðu 42 og auðir seðlar voru níu.

Í Bæjarhreppi voru 45 á kjörskrá og kusu 32, sem er 71,1% kjörsókn. 25 sögðu já og sjö sögðu nei.

Alls voru 1.656 manns á kjörskrá í sveitarfélögunum öllum og kusu 683, sem er 41,2% kjörsókn. Já sögðu 609, eða 89,2%, nei sögðu 61, eða 8,9% og 13 seðlar voru auðir og ógildir.

Hornafjarðarbær varð til 12. júní 1994 með sameiningu Nesjahrepps, Mýrarhrepps og Hafnar, en áður hafði sameining verið felld í hinum hreppunum.

Íbúar hins nýja sveitarfélags verða tæplega 2.500, en sameiningin gildir frá og með 6. júní 1998. Samhlíða kosningunum fór fram skoðanakönnun um nafn hins nýja sveitarfélags. Tillögur íbúa um nafn verða taldar saman síðar og er því ekki ljóst enn hvaða nafn kjósendur helst vilja. Nafn og önnur atriði verða ákveðin fyrir sveitarstjórnarkosningar 23. maí 1998 af núverandi sveitarstjórnunum.

Staðarhreppur - 80% kjörsókn

Fremri- Torfustaðahreppur - 75% kjörsókn

**Ytri-Torfustaðahreppur - 84% kjörsókn**

Kirkjuhvammshreppur - 74% kjörsókn

Hvammstangahreppur - 74% kjörsókn

Þverárhreppur - 75% kjörsókn

Þorkelshólshreppur - 84% kjörsókn

Já - 444 eða 70,7%

Nei - 202 eða 29,3%



Góð kjörsókn



Afgerandi niðurstaða

- »»» Nýtt sveitarfélag varð til í júní - skólar sameinaðir strax um haustið

Unglingadeild á Hvammstanga flyst á Laugarbakka

Kennsla í Vesturhópskóla og Barnaskóla Staðarhrepps lögð af

- »»» **Krakkarnir kláruðu sameininguna**

- »»» Ráðist í byggingu íþróttahúss á Hvammstanga

Mikil óánægja til sveita þar sem íþróttahús á Laugarbakka hafði nýlega verið reist

- »»» Ljósastaurar við heimreiðar á lögbýlum

- »»» Samstarf meiri- og minnihluta eftir að öldur lægðu

Aukið byggðarráð enn við lýði

- »»» **Ekki hróflað við fjallskilum**

 “Plásturinn rifinn af”

 Krakkarnir kláruðu málið

 Ekki hróflað við fjallskilum



## Ágreiningur um bygg- ingu íþróttahúss

ÁGREININGUR er innan Húnaþings vestra um byggingu íþróttahúss á Hvammstanga. Ekkert íþróttahús er þar í dag, en hins vegar er nýlegt íþróttahús á Laugabakka í 10 kílómetra fjarlægð. Meirihluti sveitarstjórnar vill byggja nýtt hús, en það sjónarmið er sterkt meðal þeirra sem búa í sveitunum að nýta eigi íþróttahúsið á Laugabakka.

Meirihluti sveitarstjórnar Húnaþings vestra samþykkti í sumar með 5 atkvæðum gegn einu (einn sat hjá) að hefja byggingu á íþróttahúsi á Hvammstanga á næsta ári. Samþykktin gekk þvert á flokkslínur.

### Ekki skynsamleg nýting á fjármunum

Elin Líndal, oddviti Húnaþings vestra, sagði að bygging íþróttahúss á Hvammstanga snerist um bætta þjónustu við íbúana. Frá því Hvammstangi og önnur sveitarfélög í V-Húnavatnssýslu sameinuðust 1998 hefði verið unnið að því að bæta þjónustu við íbúana. Búið væri að bæta dagvistunarþjónustu í sveitunum. Ákveðið hefði verið að gefa börnum niður í sex mánaða aldur kost á leikskólaplássi á Hvammstanga, en áður var miðað við 18 mánaða aldur. Snjómokstur hefði verið bæt看ur verulega í sveitunum og sama setti við um sorphirðu.

Elin sagði að ekki væri verið að stefna fjárhag sveitarfélagsins í neinn vöð með byggingu íþróttahúss enda hefði verið stunduð þar

### Snýst um bætta þjónustu við íbúana, segir Elin Líndal, oddviti Húnaþings vestra

ábyrg fjármálastjórn. Hún sagði að búningsklefar væru til staðar á Hvammstanga og því væri um hagkvæma framkvæmd að ræða.

Ólafur B. Óskarsson, bóndi í Víðidalstungu sem sæti á í sveitarstjórn, sagðist telja þetta óskynsamlega framkvæmd. Ekki væru nema 10 kílómetrar í ágætt íþróttahús á Laugabakka sem reist hefði verið fyrir innan við 10 árum. Það bæri ekki vott um skynsamlega nýtingu fjármuna að nýta ekki þessa fjárfestingu.

Hann sagði að sveitarfélögin sem þá ráku Laugabakkaskóla hefðu fjármagnað byggingu íþróttahússins og mörgum sem byggju í sveitunum þætti súrt í broti að þurfa að taka þátt í að fjármagna byggingu annars íþróttahúss aðeins fáum árum síðar. Hann sagðist vita að ekki væri heldur eining um málið á Hvammstanga.

Ólafur sagðist efast um að það stæðist, sem fullyrt hefði verið, að íþróttahúsið kostaði ekki nema 65 milljónir króna. Inn í þeirri upphæð væri ekki gert ráð fyrir neinni aðstöðu fyrir áhorfendur og engum búnaði í húsinu. Undirbún-

ingur málsins væri þess vegna óvandaður, en aðalatriðið væri þó að ekki væri brýn þörf á þessari framkvæmd. Þá mætti ekki gleyma því að það kostaði mikið fyrir lítið sveitarfélag að reka tvö íþróttahús.

Eftir að sveitarfélögin voru sameinuð var ákveðið að yngstu fimm árgöngunum yrði kennt á Hvammstanga, en elstu fimm yrði kennt á Laugabakka. Brynjólfur Gíslason sveitarstjóri sagði að við þessa breytingu hefði þjónusta við nemendur aukist og almenn ánægja væri með þetta fyrirkomulag. Hann sagði að leikfímikennsla færi fram í Laugabakkaskóla og börnum væri ekið á milli.

### Góð fjárhagsstaða

Brynjólfur sagði að fjárhagsstaða sveitarfélagsins væri góð samanborið við sveitarfélög af sambærilegri stærð. Skatttekjur sveitarfélagsins væru um 262 milljónir og skuldir um síðustu áramót hefðu verið um 189 milljónir. Á þessu ári hefðu skuldir verið greiddar niður um 20 milljónir og engin ný lán hefðu verið tekin. Skuldir á íbúa væru nú um 151 þúsund. Íbúar Húnaþings vestra voru um síðustu áramót um 1.250 og býr um helmingur um á Hvammstanga.

Elin sagði að unnið væri við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2001, en áformað væri að veita fé til byggingar íþróttahúss á því ári. Miðað væri við að framkvæmdum lyki haustið 2001.

## Lausn byggða- vandans fundin?

Frá Guðrúnu Hálfðánardóttur:

VEGNA SKRIFA um ágreining út af byggingu íþróttahúss í Húnaþingi vestra í Morgunblaðinu undanfarna viku þá langar mig til að koma eftirfarandi á framfæri.

Hér í Húnaþingi vestra höfum við mjög framsýna og bjartsýna sveitarstjórn. Hún hefur fundið lausnina sem mun snúa þróuninni í byggðamálum við og laða hingað allt það fólk sem vert er að hafa.

Þeir ætla að byggja íþróttahús. Stórt og flott. Nú skulu sko skilin eftir minnismerki að hætti gömlu konunganna. Íþróttahús sem á ekki að kosta nema 65 milljónir. Reyndar eru hér tvö íþróttahús á svæðinu en þau eru frekar ómerkileg. Hálfgerðir leikfimisalir og standa byggðarþróuninni hér gróflaga fyrir þrifum. Sennilega ein helsta ástæða fólksfækkunar hér á svæðinu.

Þótt héðan hafi farið 40 börn og unglingar á landsmót í sumar og komið heim með fangið fullt af verðlaunapeningum, sýnt frábæran árangur og sannað að þau standa jafnvel, ef ekki betur að vígi en aðrir sem státa af fullkomnu íþróttahúsi, þá er það ekki nóg.

Þótt núverandi íþróttaleikfimisalir sinni vel okkar þörfum og rúmlega það þá er það ekki nóg.

Þó að menningar- og æskulýðsráð, sem er fagnefnd sveitarstjórnarinnar í þessum málaflokki, mæli gegn því að ráðist verði í þessa framkvæmd að svo stöddu, þá skiptir það engu máli. Þó að þetta skapi bollandi óánægju mjög margra íbúa hér á svæðinu, or-

saki sundrung og vangaveltur um að slíta þessari sameiningu, þá skiptir það engu máli.

### „Við viljum, við ætlum, við skulum“

Utanaðkomandi fólk sem þekkir til hér finnst þessir meirihlutamenn alveg magnaðir húmoristar. Vá! Þrjú íþróttahús í 1.200 manna samfélagi. Er ekki alveg í lagi þarna hjá ykkur? Á kannski að nota þessi hús sem vörður á leið gegnum Húnaþing vestra? Að vissu leyti sé ég líka húmorinn í þessu og eflaust myndi ég hlæja dátt með ef ég byggji ekki hér. En mér er ekki hlátur í huga því ég bý hér og hefði hugsað mér að búa hér og þetta stórslys þarf ég að borga. Þótt ég sé bara húsmóðir geri ég mér fulla grein fyrir því að 65 milljónir fyrir svona stórt og glæsilegt mannvirki er ekki í neinum tengslum við raunveruleikann og það þarf svo sem engan snilling til að sjá það. Enda kemur í ljós, þegar betur er að gáð, að það vantar sitt lítið af hverju í þetta hús. En það eru svo sem bara smámunir og varla orð á gerandi þótt það vanti áhorfendasmæði (snyrting fyrir áhorfendur sparast), tækjabúnað og stóra feitletraða skiltið sem á mun standa. Vinsamlegast dragið inn magann og haldið í ykkur andanum á meðan þið notið búningsaðstöðuna og munið þröngt verða sveittir að þvo sér. Takk fyrir.

GUÐRÚN  
HÁLFÐÁNARDÓTTIR  
Söndum, Húnaþingi vestra.

# LYKLAR AÐ ÁRANGRI

- 🔑 Sjálfsprottið
- 🔑 Leitt af minnihluta?
- 🔑 Vel kynnt
- 🔑 Langt ferli
- 🔑 Skýr fjárhagslegur ávinningur
- 🔑 Góð kjörsókn
- 🔑 Afgerandi niðurstaða

HÚNAÞING VESTRA


- 🔑 “Plásturinn rifinn af”
- 🔑 Krakkarnir kláruðu málið
- 🔑 Ekki hróflað við fjallskilum





# SAMFÉLAGIÐ Í DAG


HÚNAÞING VESTRA


Niðurstaða íbúakönnunar sem unnin var árið 2020 af Vífli Karlssyni hjá SSV fyrir landshlutasamtökin leiddi í ljós almenna ánægju íbúa með sveitarfélagið og góða útkomu samanborið við önnur sveitarfélög. Nokkrir þættir komu sérstaklega vel út:

 Þjónusta við aldraða -  
fyrsta sæti á landsvísu. **1**


 Heilsugæsla -  
fyrsta sæti á landsvísu. **1**


 Þjónusta vegna fjárhagsvanda -  
fyrsta sæti á landsvísu. **1**

 Útlendingar - fyrsta sæti  
á landsvísu. **1**

 Vöruúrval - annað sæti á  
landsvísu á eftir höfuðborgarsv. **2**

 Dvalarheimili - þriðja sæti  
á landsvísu. **3**

 Skipulagsmál - þriðja  
sæt á landsvísu. **3**

 Menning - þriðja sæti á landsvísu á  
eftir Akureyri og Höfuðborgarsv. **3**

 Mannlíf - fimmta sæti á  
landsvísu. **5**

 Viðhorf til sveitarfélagsins - sjötta  
besta á landsvísu. **6**

HVENÆR ER RÉTTI TÍMINN  
TIL AÐ SAMEINAST?

HÚNAÞING VESTRA

# FYRIR 25 ÁRUM

